



Alexander Smári Kristjánsson Edelstein, fæddur 15. maí 1998. Alexander Smári Kristjánsson Edelstein hefur stundað píanónám hjá Þórarni Stefánssyni við Tónlistarskólann á Akureyri undanfarin 5 ár. Alexander tók þátt í píanókeppni EPTA (Evrópusamband píanókennara) árið 2012 og hlaut 1. verðlaun í sínum flokki. Hann tók þátt í Nótunni - uppskeruhátíð tónlistarskólanna sem fram fór í Eldborgarsal Hörpu árið 2012 og hlaut þar sérstök verðlaun sem einleikari. Hann hlaut námstyrk frá Tónlistarskólanum á Akureyri árið 2012-2013 fyrir framúrskarandi árangur í námi. Alexander hefur komið fram sem einleikari með strengjasveit á tónleikum í Hofi þar sem hann spilaði píanókonsert eftir Haydn. Sumarið 2014 tók Alexander þátt í Tónlistarhátíð Unga Fólksins í Kópavogi þar sem hann var m.a. undir handleiðslu Peter Maté og hefur hann einnig sótt einkatíma og Masterclass hjá honum. Alexander stefnir á að verða konsertpíanisti og hefur hug á að fara í Tónlistarháskóla að loknu stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri. Á haustdögum 2014 hlaut hann styrk úr Menningarsjóði KEA fyrir ungt afreksfólk.